

**Verðlagsstofa skiptiverðs**

**04 217**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Verðlagsstofa skiptiverðs**

**kt. 550698-2429**

**Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Verðlagsstofa skiptiverðs er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 13/1998.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 60,2 milljónir og afkoma kr. 1,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Verðlagsstofu skiptiverðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Verðlagsstofu skiptiverðs fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ögmundur Haukur Knútsson  
Fiskistofustjóri

Jóhann Þórhallsson  
Deildarstjóri Verðlagsstofu

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	59.900.000	51.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>277.100</u>	<u>324.158</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<b>60.177.100</b>	<b>52.224.158</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	45.684.297	46.525.508
Annar rekstrarkostnaður .....	4	13.011.138	12.189.550
Afskriftir .....	5	<u>277.100</u>	<u>324.158</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<b>58.972.535</b>	<b>59.039.216</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>1.204.565</b>	<b>(6.815.058)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(1.293)</u>	<u>(140)</u>
		<b>(1.293)</b>	<b>(140)</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>1.203.272</u></b>	<b><u>(6.815.198)</u></b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður .....		566.090	843.190
		<u>566.090</u>	<u>843.190</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>566.090</u>	<u>843.190</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	3.322.219	14.738.487
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>3.322.219</u>	<u>14.738.487</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>3.888.309</u>	<u>15.581.677</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		317.312	(885.960)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>317.312</u>	<u>(885.960)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	0	10.741.638
Viðskiptaskuldir .....		109.324	560.770
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	2.626.414	4.052.870
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	10	835.259	1.112.359
<b>Skuldir samtals</b>		<u>3.570.997</u>	<u>16.467.637</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>3.888.309</u>	<u>15.581.677</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		1.203.272	(6.815.198)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	5	277.100	324.158
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(277.100)	(324.158)
		<u>1.203.272</u>	<u>(6.815.198)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		0	0
Tengdir aðilar .....		674.630	6.457.433
Birgðir .....		0	0
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(1.877.902)	357.765
		<u>(1.203.272)</u>	<u>6.815.198</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	59.900.000	51.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	277.100	324.158
	<u>60.177.100</u>	<u>52.224.158</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	49.500.000	0	0	49.500.000
Millifært úr varasjóð .....	400.000	0	0	400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	10.000.000	0	0	10.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>59.900.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>59.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(58.696.728)	0	0	(58.696.728)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>1.203.272</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.203.272</b>

	2021	2020
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	38.228.696	37.045.513
Orlof, breyting .....	(1.426.456)	830.420
Launatengd gjöld .....	8.647.103	8.479.275
Starfsmannakostnaður .....	234.954	170.300
	<u>45.684.297</u>	<u>46.525.508</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	3,9	4,0

	2021	2020
<b>4 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	21.000	0
Ýmis tæki og áhöld .....	90.000	0
Matvæli .....	56.575	71.450
Vörukaup, almenn .....	167.575	71.450
Ferðir, uppihald .....	6.400	0
Sérfræðiþjónusta .....	638.709	850.606
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	2.958	1.713
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	12.591	11.990
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.500	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta .....	662.158	864.309
Afnotagjöld .....	565.468	512.153
Leigugjöld .....	4.670.276	3.870.932
Kostnaðarhlutdeild .....	6.945.661	6.870.706
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. ....	12.181.405	11.253.791
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>13.011.138</u>	<u>12.189.550</u>

<b>5 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	277.083	324.158
Sölutap og úreltar eignir .....	17	0
	<u>277.100</u>	<u>324.158</u>

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>6 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	566.090	843.190
	<u>566.090</u>	<u>843.190</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	2.740.634	2.740.634
Selt/úrelt á árinu .....	(1.309.303)	(1.309.303)
	<u>1.431.331</u>	<u>1.431.331</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	1.897.444	1.897.444
Afskrift ársins .....	277.083	277.083
Selt/úrelt á árinu .....	(1.309.286)	(1.309.286)
	<u>865.241</u>	<u>865.241</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>566.090</u>	<u>566.090</u>
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>

## 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	3.322.219	14.738.487
	<u>3.322.219</u>	<u>14.738.487</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	0	10.741.638
	<u>0</u>	<u>10.741.638</u>

## 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(885.960)	5.929.238
Afkoma ársins .....	1.203.272	(6.815.198)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>317.312</u>	<u>(885.960)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
<b>9 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	2.626.414	4.052.870

## Skýringar

### 10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	566.090	843.190
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	269.169	269.169
	<u>835.259</u>	<u>1.112.359</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	843.190	269.169	1.112.359
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(277.100)	0	(277.100)
	<u>566.090</u>	<u>269.169</u>	<u>835.259</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 11 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Fiskistofa og Atvinnuvega- og nýsköpunarráuneytið hafa gert með sér samning þar sem Fiskistofa annast rekstur Verðlagsstofu skiptaverðs þar til annað verður ákveðið. Verðlagsstofa greiðir Fiskistofu fyrir húsaleigu og ýmsa þjónustu. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði 11,2 milljónir. Einnig er Verðlagsstofa með samning við Stefnu ehf um vefumsjónarkerfi, áætlaður kostnaður 0,2 milljónir.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.